



# Ársskýrsla 2011

## Slökkvilið Ísafjarðarbæjar.



## ***Mestu tjónin í bruna á árinu 2011.***

Talsvert tjón var þegar kveikt var í veiðafærum og fleiri útgerðarvörum á geymslusvæði Ísafjarðarhafnar.

## ***Skýrsla Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar 2011.***

Á árinu 2011 var slökkviliðið kallað út 98 sinnum. Nánari sundurliðun má sjá í töflu hér að neðan.

<b>Tegund útkalls</b>	<b>Fjöldi</b>
Eldur	13
Dælingar úr bátum, kjöllurum og fráveitukerfi sveitarfélagsins.	7
Vegna falsboðunar í eldvarnarkerfi og þjófavarnarkerfi.,	61
Umferðarslys með klippur.	2
Vegna mengunar eftir umferðarslys.	1
Moka snjó af þakinu Hlíf og hjá fólki í bænum	4
Sérstök aðstoð við íbúa sveitafélagsins.	10
<b>Útköll alls</b>	<b>98</b>
Helgarvaktir - æfingar	11
Æfingar	10
<b>Æfingar samtals</b>	<b>21</b>
<b>Útköll og æfingar samtals</b>	<b>119</b>

**Þjálfun slökkviliðsmanna** var á svipuðum nótum og s.l. árs. Vegna niðurskuldar hefur þurft að draga hana saman en samt reynt að halda þeim innan ásættanlegra marka eða um 1.300 vinnustundir árlega.

**Boðið var upp á tvö námskeið frá Mannvirkjastofnun fyrir slökkviliðsmenn og voru þau vel sótt**

**Sjúkraflutningar** voru alls 225 og skiptast þannig að almennir flutningar voru, 125 forgangsflutningar voru 100. Er þetta fjölgun milli ára sem stafar af því að við síðasta samning við Heilbrigðisstofnun var Bolungarvík færð í þjónustu okkar.

**Á árinu voru eldvarnareftirlitsskoðanir** um 75 talsins af 130 skoðunarskyldum og af þeim voru 30 brunavarnarskýrslur sendar út.

Allir skólar voru heimsóttir og rætt við alla átta ára nema um brunamál. Einnig var nokkur fræðsla á vegum slökkviliðsins, bæði fyrir einstaklinga, fyrirtæki og skóla í meðferð slökkvitækja. Slökkviliðsmenn hafa verið duglegir við að fara í heimsóknir til bæjarbúa með reykskynjara og batterí sem hafa verið sett upp að ósk íbúa

Unnið er eftir vinnureglum um eftirfylgni eldvarnareftirlit fyrir slökkvilið Ísafjarðarbæjar sem hafa verið samþykktar af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar .

### **Hlíf íbúðir aldraðra Öryggisvöktun og eldvarnarkerfi stofnanna Ísafjarðarbæjar**

Vaktmenn fóru 57 sinnum í útköll vegna Öryggishnappahnappa.

**Almannavarnir Ísafjarðarbæjar.** Tveir nefndarfundir haldnir. 14. janúar og 18. febrúar.

**Fundur var haldin með forstjóra Mannvirkjastofnunar** sem slökkviliðsstjóri og byggingarfulltrúi sátu. Þar var rætt um ný lög um brunavarnir og brunamál, brunavarnaráætlun og fl.

**Brunavarnaráætlun** fyrir Ísafjarðarbæ er í fullu gildi undirskrifuð af bæjarstjóra og brunamálastjóra.

**Slökkviliðsstjóri** sat flesta Umhverfisnefndarfuni þar sem var rætt um byggingarmál.

**Slökkvitækjapjónusta** yfirfór og hlóð um 832 slökkvitæki fyrir heimili, fyrirtæki og skip. Þó nokkur samdráttur er á milli ára sem erfitt er að skýra. Töluverð aukning var í sölu slökkvitækja og reykskynjara var á árinu.

Í byrjun árs slasaðist varaslökkviliðsstjóri Kristján Finnbogason við skyldustörf og var frá vinnu þar til að hann lét af störfum vegna aldurs 1 júlí.

Þann 1. mars hóf Maron Pétursson störf og sér hann um öryggishnappa og eldvarnarkerfi sem slökkviliðið hefur tekið að sér að þjónusta.

## Sjúkraflutningar 2011


Tegund útkalls	Fjöldi
F-1 Forgangsflutningar	35
F-2 Forgangsflutningar	65
F-3 Flutningar voru	53
F-4 Flutningar voru	72
<b>Útköll alls</b>	<b>225</b>

F1 er mesti forgangur og F4 er minni forgangur. t.d. að ná í sjúkling í fyrirfram bókað flug


### Fjöldi sjúkraflutninga per. mánuð



## Yfirlit yfir sjúkraflutninga 1990-2011



*Eldsútköll slökkviliðs sjúkraflutningar hnappar og eldvarnarkerfi  
2011.*



Ísafjarðarbær , 5. janúar. 2012

Þorbjörn J Sveinsson, slökkviliðsstjórinn í Ísafjarðarbæ.